

## Athugið!

Næsta Pésa verður dreift  
**4.-5. október.** Efni þarf að  
berast fyrir **27. september.**

## Miðbæjartorgið breytir um svip

Íslensk flóra hefur nú fengið aukið vægi í miðbæ Flúða. Í nokkur hringlaga beð á miðbæjartorginu hefur verið gróðursettur lágvaxinn gróður, sem ekki mun skyggja á umferð en vonandi lífga upp á umhverfið. Ákveðið var að nýta íslenskar plöntur, maríustakk, blágresi, geldingahnaпп, blóðberg og fleira skemmtilegt auk þess sem nokkrum rammíslenskum burknum var stungið niður umhverfis stuðlabergið í miðjunni. Næsta sumar mun þessi fallegi gróður vonandi gleðja vegfarendur og okkur öll.



## Nýr umsjónarmaður gámasvæðis



Hjálmar Gunnarsson er nýr umsjónarmaður gámasvæðis og úrgangsmála. Hjálmar var ráðinn í kjölfar auglýsingar um starfið og tekur hann við af Jóni Eiríkssyni sem hefur þegar látið af störfum.

Jón hefur sinnt starfinu af mikilli kostgæfni og er honum hér með þakkað fyrir vel unnin störf um leið og Hjálmar er boðinn velkominn í hóp starfsmanna Hrunamannahrepps.

# Miklar framkvæmdir í sumar

Sumarsins 2023 mun verða minnst fyrir einmuna veðurblíðu, sól, logn, hita og úrkomuleysi. Hér í Hrunamanna-hreppi hefur hiti farið ítrekað yfir 20 stig og má með sanni segja að samfélagið allt taki stakkaskiptum í þannig blíðu. Sumarkjólar, sandalar og sundferðir verða ómissandi og gleði og léttleiki einkennir mannlífið allt. Líklegt er að fjöldi gesta sem heimsótti sveitarfélagið í sumar hafi sjaldan verið fleiri en nú. Bættir vegir og aukin afþreying hefur þar mikið að segja.



Framkvæmdir hafa verið óvenjumiklar hér í sumar og ber þar hæst vinna við nýtt þak og innréttingu efri hæðar Flúðaskóla. Er það mjög umfangsmikið verk sem því miður er að taka lengri tíma en við vonuðum. Því hefur þónokkur röskun orðið á skólastarfi og ljóst að ekki verður hægt að taka efri hæðina í notkun á þeim tíma sem stefnt var að. Starfsmenn allir og nemendur hafa sýnt mikla þolinmæði og skilning á þessum erfiðu aðstæðum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Framkvæmdir eru á lokastigi við gatnagerð Fannborgartanga og fljótlega munu framkvæmdir hefjast þar við fyrstu húsin. Það verður gaman að sjá hver verður fyrstur til að taka skóflustungu á því svæði.

Framkvæmdum er lokið við nýjan vatnstank á Berghylsfjalli og hefur tankurinn verið tekinn í notkun. Ekki veitir af því vatnsbúskapur sveitarfélagsins hefur ekki verið beysinn í þurrkunum í sumar. Ljóst er að framkvæmdir við veitur eru umfangsmiklar enda margir sem vilja tengjast veitunum og því öryggi sem þær veita.

Sveitarstjórn vinnur nú að breytingum á starfsmannahaldi og rekstrarumhverfi veitna og framkvæmda sem auka á skilvirkni og bæta enn þjónustu sveitarfélagsins. Til stendur að ráða nýjan starfsmann sem verður yfirmaður framkvæmda og eignasjóðs en Hannibal sem staðið hefur vaktina með miklum sóma, daga sem nætur í vel ríflega 30 ár verður veitustjóri sveitarfélagsins.

Ekki var annað að sjá en að nýjungar í sumarstarfi barna hafi mælst vel fyrir og er ljóst að framhald verður á því starfi. Gestakomur í sundlaugina voru með mesta móti og breyttur opnunartími naut vinsælda. Flúðir um Versló voru afar fjölsóttar og mikið um að vera en fram undan er síðan Uppskeruhátíðin og síðan réttardagurinn með tilheyrandi fjöri. Haustið og veturinn lúra svo handan við hornið, með rökkri, kertaljósom og kósíheitum. Njótum allra árstíða því óviða eru þær fegurri en einmitt hér í Hrunamannahreppi.

Aldís Hafsteinsdóttir

**BÍLAVERKSTÆÐI**  
**JB**  
**VIÐGERÐIR**  
865-5678  
ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR  
BÍLAFLUTNINGAR / ÞVOTTUR OG BÓN  
**OPIÐ KL. 8:00-17:00**

**SKsmiður**  
Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flíslagnir og viðgerðir  
Sími 888 1975 / 865 7499

HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS  
**Heilsugæslan Laugarási**  
Heilsugæslustöðin Laugarási er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.  
Tímamantanir og bókun í símaviðtal  
er í síma 432 2770.  
Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.

**Hjónaball Hrunamanna**  
**verður haldið í**  
**íþróttahúsinu á Flúðum**  
**2. mars 2024.**  
**Takið daginn frá!**  
*Hjónaballsnefnd*

**Sundlaugin**  
**á Flúðum**  
**Vetraropnun**  
**16. ágúst - 31. maí**  
Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga  
kl. 16:00 - 20:30  
Einnig opið mánu- og fimmtudaga frá  
kl. 06:00 - 09:00 (að öðru leyti lokað á  
fimmtudögum)  
Laugardaga og sunnudaga  
kl. 13:00 - 18:00.  
Árskort sem gilda í sundlaugina,  
íþrótt- og tækjasalinn eru á mjög  
hagstæðu verði, aðeins 15.500 kr.  
Minnum á að hjá flestum stéttar-  
félögum er hægt að sækja um styrk.

17. júní hátíðarhöld fóru vel fram að vanda. Ýmsar viðurkenningar voru veittar og meðal annars fengu Guðrún S. Alfreðsdóttir viðurkenningu fyrir fegursta garðinn árið 2023 og Jón Eiríksson, Berghyl, Umhverfissrósið árið 2023.



Anna Katrín Viðisdóttir var valin íþróttamaður Hrunamannahrepps árið 2022 en viðurkenningin var afhent á hátíðardagskrá þjóðhátíðardagsins eins og venja hefur verið.



Edda Arndal, Berghyl, var fjallkona Hrunamannahrepps árið 2023.

**Pésinn birtir auglýsingar og skemmtilegt efni um allt það sem um er að vera í sveitarfélaginu.**

Sendið efni og auglýsingar á [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)



**Grænna land ehf.**

*Hellulagnir - Áburðargjöf  
Beðahreinsun - Garðsláttur  
Garðauðun - Trjáklippingar  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

**Erla Björg Arnardóttir**  
Garðyrkjufræðingur

Sími 858 3399  
[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)



**Bókasafn Hrunamanna**

Félagsheimilinu, 2. hæð  
Sími 480 6628 - Bókasafnið á Facebook  
[bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is) - [bokasafn.fludir.is](http://bokasafn.fludir.is)

Safnið er staðsett á efri hæð félagsheimilisins á Flúðum (gengið inn baka til). Í hverjum mánuði berast nýjar bækur fyrir alla aldurshópa og tímaritin Gestgjafinn, Vikan og Hús og híbýli.

Í vetur verður bókasafnið opið á þriðjudögum kl. 18-20 og miðvikudögum kl. 16-18. Að auki verður morgunopnun í vetur þar sem heitt verður á könnunni og tilvalið að setjast niður, spjalla við aðra gesti safnsins og fletta bókum/tímaritum.

Allir eru ávallt velkomnir á bókasafnið en ég býð eldri borgara og nemendur í leik- og grunnskólanum sérstaklega velkomna á morgunopnun bókasafnsins. Morgunopnunin verður betur auglýst þegar líður á haustið.

Ef einhverjar spurningar vakna má alltaf hafa samband í síma 480 6628, senda tölvupóst á [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is) eða í gegn um síðu bókasafnsins á Facebook.

# UPPSKERUHÁTÍÐIN

## í Hrunamannahreppi

### LAUGARDAGINN 2. SEPTEMBER | FLÚÐIR OG NÁGRENNI

#### UPPSKERUMESSA

Uppskerumessa kl.11:00 í Hrunakirkju laugardaginn 2. september. Fjölskylduhátíð. Bæn, orð, hugvekja og söngur við allra hæfi undir stjórn Eyrúnar Jónas-dóttur organista. Leikir og grillaðar pylsur að messu lokinni. Allir hjartanlega velkomir.

#### FÉLAGSHEIMILIÐ Á FLÚÐUM

Markaður kl.13:00-17:00 og kvenfélagið með kaffisölu. Matvæli úr sveitinni, góðgæti beint frá býli, kræsingar í krukum. Handverk og fleira. VISS vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu verður með muni til sölu.

#### GÖNGUFERÐ MEÐ LEIÐSÖGN

Létt söguganga umhverfis og í miðbæ Flúða. Guðmundur Magnússon og Anna Björk Matthíasdóttir leiða gönguna. Lagt af stað kl.15:30 frá félagsheimilinu.

#### OPNIR GARÐAR Á FLÚÐUM

**Bjarkarhlíð Flúðum.** Opið hús og garður kl. 13:00-17:00. Anna Magnúsdóttir handverkskona býður gesti velkomna heim í vinnustofu sína.

**Akurgerði 5** (Þóra Biering og Jón Snorrason) og **Smiðjustígur 21** (Elín S. Guðfinnsdóttir og Trausti Indriðason) bjóða gestum að skoða fallegu garðana sína kl. 14:00-16:00.

#### LEIKIR Í LÆKJARGARÐINUM

Heilsueflandi Uppsveitir verða með leiki fyrir krakkana kl.14:00. Í Lækjargarðinum er einnig frisbígolfvöllur, ærslabelgur og aparóla.

#### LEIKUR OG LIST *Laugalandi Flúðum*

Opið kl.13:00-17:00. Handverk frá Dóru og Möggu. Rabbí rósabóndi verður með gott tilboð á rósabúntum og steinselju. Gestum boðið upp á kaffi og kleinur á meðan birgðir endast

#### LITLA HÚSÍÐ

Suðurbrún 7, Flúðum. Markaður með gamla fallega muni. Opið kl.13:00-17:00

#### HÚS MINNINGANNA

Suðurbrún 7, Flúðum, við hliðina á Litla húsinu. Skemmtilegt safn þar sem minningar flestra lifna við. Opið kl.13:00-17:00, aðgangseyrir kr.1000 og frítt fyrir 15 ára og yngri.

#### GARÐYRKJUSTÖÐ SIGRÚNAR, SNEIÐIN 3

Opið kl.13:00-17:00. Ný upptekið grænmeti. Notuð föt, húsgögn og eitthvað meira sniðugt. Einnig hægt að kaupa allskonar ljós/kastara á farartækin.

#### HÓTEL FLÚÐIR

Ókeypis íspinnar fyrir börn 11 ára og yngri. Sértilboð laugardag og sunnudag kl. 11:00-17:00. BBQ svínaríf með frönskum kartöflum og einum drykk (eitt vínglas, bjór eða gosglas) kr. 4.990 á mann.

#### SÆSABAR FLÚÐUM

Nýskorið grænmeti frá Grafarbakka til sölu. Hoppukastali frítt fyrir börnin. Kaffi, kökur, kruðerí, barsnakk og styrktir drykkir. Sönghópurinn Söngelskur koma fram kl. 21:00. Trúbadorinn Ævar Eyfjörð heldur uppi stuði frá kl.10:00 og langt fram eftir kvöldi. Allir hjartanlega velkomnir. Glaðningur fyrir börnin og góð tilboð allan daginn.

#### FARMERS BISTRO FLÚÐUM

Opið á veitingastaðnum Farmers Bistro kl.12:00-17:00. **Flúðasveppir með kynningu kl. 16:00.** Boðið verður uppá kynningu um ræktun Flúðasveppa og innlit í klefa kl.16:00.

Ferskt grænmeti til sölu á staðnum.

#### LITLA BÆNDABÚÐIN Á MELUM

Fjölbreytt úrval af fersku grænmeti, kjöti og alls kyns góðgæti beint frá býli. Opið kl.11:30-17:30 og kaffi á könnunni.

#### MINILIK EPIÓPISKUR VEITINGASTAÐUR

Opið kl. 18:00-21:00. Aukaopnun á uppskerudaginn kl.12:00-15:00. Epiópískur matur, verið velkomin.

#### GISTIHEIMILIÐ FLÚÐUM

Veitingastaðurinn opinn kl. 18:00-21:00

#### SELSVÖLLUR VIÐ EFRA-SEL / OPNA ÍSLENSKA GRÆNMETISMÓTIÐ

Golfmót þar sem leikin er punktakeppni með hámarksförgjöf (36). Keppt er í þremur flokkum; karla, kvenna og barna (14 ára og yngri - 18 holur). Veitt verða verðlaun fyrir 3 efstu sætin í hverjum flokki.

Mótsgjaldi er kr. 6.500 / fullorðinn og frítt fyrir þátttakendur í barnaflokknum. Skráning er á golf.is Sölufélag garðyrkjumanna er aðalstyrktaraðili mótsins (íslenskt.is). Kaffi-Sel, veitingastaður opinn.

#### SAMANSAFNIÐ SÓLHEIMUM HRUNAMANNAHREPPI

Opið kl.11:00-17:00. Fjölbreytt minjasafn og glæsilegir gamlir bílar. Aðgangseyrir kr.1500 og frítt fyrir 12 ára og yngri. 6 km frá Flúðum, vegur 354.

#### GAMLA LAUGIN / SECRET LAGOON

Hvammsvegi Opín kl.10:00-20:00.

#### SUNDLAUGIN FLÚÐUM

Opín kl.13:00-18:00.

#### APARÓLA, ÆRSLABELGUR OG FRISBÍGOLF



## Fella- og fjallgönguverkefnið:

### „Upp í sveit“



Sumarið 2023 eru 4 póstkassar með gestabókum settir upp í uppsveitunum.

Allar leiðirnar eru viðráðanlegar fyrir fjölskyldur en eru þó misléttar.

Göngutími er reiknaður út frá gönguhraða við 4 km/klst plús 15 mín. fyrir hverja 100 metra hækkun.

Verkefnið er í gangi fram til 17. September.

- **Hlíðarkistan** í Skeiða- og Gnúpverjahreppi: nokkuð jöfn hækkun nær alla leiðina (hækkun 230 m, vegalengd að kassa 2.3 km, göngutími: 60 mín.)
- **Stóri-Reyðarbarmur** í Bláskógabyggð í byrjun er nokkuð brött brekka með lausamöl og svo 2-3 aðrar léttari eftir það, (hækkun: 220 m, vegalengd að kassa: 1.3 km, göngutími að kassa: 50 mín.)
- **Svartárgljúfur** í Hrunamannahreppi: um birkiskóg, göngubrýr yfir læki (flatlendi, vegalengd að kassa: 0.8 km, göngutími að kassa: 15 mín.) Fleiri gönguleiðir í dalnum: <https://tungufell.net/tungufellsdalur/gonguleidir/>
- **Úlfjótsvatnsfjall** við Úlfjótsvatn, Grímsnes- og Grafningshreppi: jöfn hækkun (hækkun: 116 m, vegalengd: 3 km hringurinn, göngutími að kassa: 30 mín.)

Erfiðleikastig:



Hvar eru póstkassarnir?

QR-kóði nr. 1: hlekkur á kort (Google map):



QR kóði nr. 2: hér finnur þú ýtarlegri upplýsingar um öll fellin, ásamt öðrum gönguleiðum í uppsveitunum.

Allt þetta má líka finna á:

<http://www.sveitir.is/heilsueflandi-uppsveitir/fellaverkefni>



Vinsamlegast bíðið ekki til vörður og takið allt rusl með ykkur ☺

Takið gjarnan mynd af ykkur og merkið á samfélagsmiðlum með myllumerkinu: #uppsveitir

Góða ferð!



HRUNAMANNAREPPUR



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR



SKEIÐA- OG  
GNÚPVERJAHREPPUR



BLÁSKÓGABYGGÐ

## UPPSKERUMESSA Í HRUNAKIRKJU

Uppskerumessa og fjölskylduhátíð í Hrunakirkju laugardaginn 2. september kl. 11. Léttir söngvar, hugvekja og bæn. Útileikir á eftir og grillaðar pylsur og safi. (Athugið að kynningarfundur fyrir fermingarborn og foreldra vegna fermingarstarfanna á komandi vetri hefst fyrir messu kl 10:15.) Sjáumst í uppskerumessu - verið öll hjartanlega velkomin!

## KYRRÐARSTUNDIR Í HREPPHÓLAKIRKJU

Kyrrðarstundir verða í Hrepphólakirkju dagana 14., 21., 28. september og 5. og 12. október klukkan 20.

Ég hef hug á að leiða kyrrðarstundir í Hrepphólakirkju, kyrrðarstundir snúast um að ganga inn í kyrrð og róa hugann sem reynist mörgum erfitt í erli dagsins en það er svo mikil þörf á því í þessum hraða sem býr í samfélagi okkar. Kærleikur og rósemi eru yfirskrift stundanna og verða þær leiddar með stuttum inngangi og bæn, þá er slegið í „gong“ og þá er þögn í tíu mínútur sem verða lengdar smám saman eftir því sem fram líður. Lok stundarinnar er á eftirfarandi hátt; slegið er í gongið eftir þessar tíu mínútur og farið með Faðirvorið. Eftir stundina verður létt spjall með þeim sem vilja og endar stundin klukkan níu.

Jafnvel þó að kyrrðarstundirnar séu með trúarlegu formi eru allir velkomnir óháð trúarafstöðu í þessar góðu stundir.

Með kærleikskveðju,

Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir, djáknakandidat og sálgættir.



HUGMYND

## TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14  
845 Flúðir

[flight@simnet.is](mailto:flight@simnet.is)  
Sími 699 0757

# Heilsuvika í Hrunamannahreppi dagana 18.-25. september

Dagskrá heilsuvikunnar verður fjölbreytt og viðburðarík. Fjöldi viðburða sem tengjast líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Nánari dagskrá fyrir vikuna verður birt þegar nær dregur.

Ókeypis verður í sund, tækjasal og íþróttahús þessa viku.

Hvetjum íbúa til mæta á sem flesta viðburði og bjóða vinum og vinnufélögum með.



Kær kveðja,

Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og ungmennaráð

## Health week in Hrunamannahreppur on the 18th - 25th of September


The health week will be full of events! A number of events related to physical, mental and social health. Everyone should find something to their liking.

A detailed schedule for the week will be published in September.

Please note that entrance to the swimming pool, equipment room and gymnasium will be free this week. We encourage all residents to attend as many events as possible and to bring friends and colleagues with them. The more the merrier!

Best regards

The Public Health and Youth Committee and The Youth Council



## Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035  
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is



## Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

Fotauðgerðastofa  
**Öddu Siggu**

Miðfelli 2a  
Tímappantani í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir  
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum  
Sími 861 9682



Löggiltur rafverktaki  
/ bílaflutningur

Axel  
Sími 860 7073

# FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.



botarettur.is

## HRUNARÉTTIR

Hrunaréttir fara fram 8. september kl. 10.

**Norðurleit** leggur af stað föstudaginn 1. september og laugardaginn 2. september.

**Suðurleit** og **Austurleit** leggja af stað laugardaginn 2. september.

**Eftirsafnið** fer af stað fimmtudaginn 21. september.

**Heiðarsmalamennskur** verða fimmtudaginn 7. september, þeir sem áhuga hafa að taka þátt í þeim skulu hafa samband við Björgvin Ólafsson síma 849 5037.

Óheimilt er að setja fé í girðinguna í Launfit eftir 10. september.

Við óskum fjallmönnum öllum góðrar ferðar.

*Afréttarmálanefnd Hrunamannahrepps*

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Aldís Hafsteinsdóttir ([hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is))

**Umsjón:** Svanhildur Pétursdóttir ([svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is))

**Umbrot og prentun:** Prentmet Oddi - Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600

[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is)

[www.fludir.is](http://www.fludir.is)